

255. fundur Skólanefndar FS

11. febrúar 2003



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Stefanía Ólafsdóttir,
Pétur Brynjarsson, Guðbjörg Ingimundardóttir,
áheyrnarfulltrúinn Runólfur Þ. Sanders og
Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Byggingarmál.
 2. Skólasókn nemenda á Suðurnesjum og brottfall úr framhaldsskóla.
 3. Önnur mál.

1. Byggingarmál.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi undirbúning viðbyggingar. Vonast er til að gengið verði frá málinu hjá sveitarfélögunum á næstu dögum og í framhaldinu verði samningar undirritaðir. Síðan verður unnið að nánari útfærslu í samráði við starfsfólk og nemendur. Skólameistari kynnti einnig hugmyndir um breytingar á eldra húsnæði og hvaða aðstaða verður í nýbyggingu. Reiknað er með að framkvæmdum geti verið lokið við upphaf haustannar 2004.


2. Skólasókn nemenda á Suðurnesjum og brottfall úr framhaldsskóla.

Skólameistari kynnti tölur um brottfall nemenda í skólanum. Nemendur á haustönn voru 740 en eru 719 á þessari önn sem minni fækkun en undanfarin ár. Skólameistari kemur með fleiri tölur á næsta fund, þ.á.m. úr könnun sem var gerð meðal þeirra sem ekki hófu nám við skólann í haust úr þeim árgangi sem þá hóf skólagöngu sína hér. Einnig rætt um samstarf við grunnskóla á svæðinu og ákveðið að óska eftir því að samstarfsvettvangur skólastjórnenda, Skósuð, verði endurvakinn. Skólameistara falið að senda stjórnendum grunnskólanna bréf þessa efnis.

3. Önnur mál.

- a) Rætt um samræmd stúdentpróf sem ætlunin er að taka upp á næstu árum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari